

## VINNUHUNDAEILD

### I. Markmið

Tilgangur deildarinnar er að stuðla að þjálfun og prófum fyrir hunda félagsmanna ásamt því að auka þekkingu á vinnuhundum og virðingu fyrir hundamenningu.

Markmið vinnuþrófa er að kanna og skrá notkunareiginleika og vinnuhæfileika hunds. Einnig að efla hundamenningu og þjálfun vinnhunda.

Vinnuhundadeild er ekki ræktunardeild og er opin öllum félagsmönnum.

### II. Stjórn vinnuhundaeildar

1. Á fyrsta starfsári vinnuhundaeildar starfar fimm manna undirbúningsnefnd og fer hún með umboð stjórnar. Undirbúningsnefnd sér um að boða til fyrsta ársfundar. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Á fyrsta ársfundi nýrrar deildar skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs.
2. Stjórn deildarinnar er skipuð 5 félagsmönnum. Einungis þeir sem hafa verið félagsmenn í HRFÍ í tvö ár og tekið hafa þátt í vinnuþrófum HRFÍ eða félagi viðurkenndu af HRFÍ geta gefið kost á sér í stjórn deildarinnar. Kosning í stjórn vinnuhundaeildar fer fram á ársfundi deildarinnar ár hvert. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Endurkjör er leyfilegt. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum hafa þeir, sem eru skráðir í deildina og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Á fyrsta fundi eftir ársfund skal stjórn skipta með sér verkum og velja sér formann.
3. Ársfund vinnuhundaeildar skal halda í mars ár hvert. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Hlutverk ársfundar er að velja stjórn og taka ákvarðanir í málum sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn deildarinnar skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af starfi deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Eftir ársfund deildarinnar skal skýrslunni skilað til stjórnar HRFÍ. Ávallt skal færa fundagerð á aðalfundi sem og á stjórnarfundum vinnuhundaeildar.
4. Stjórn vinnuhundaeildar skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á starfsemi deildarinnar samkvæmt reglum HRFÍ. Stjórn deildarinnar ber einnig ábyrgð á undibúningi, framkvæm, úrvinnslu og geymslu prófgagna. Stjórn deildarinnar getur skipað í starfsnefndir á hinum ýmsu sviðum deildarinnar. Stjórn deildarinnar hefur umsjón með starfsnefndum og ber nefndum að halda stjórn vinnuhundaeildar upplýstri um starfsemi sína hverju sinni.
5. Þeir sem sitja í stjórn deildarinnar og nefndum ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmunum þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa

samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna. Ef félagsmaður í trúnaðarstörfum er kærður til siðanefnar ber honum að víkja úr öllum störfum fyrir félagið á meðan mál hans er til meðferðar hjá siðanefnd.

6. Skráning í vinnuhundadeild fer fram á skrifstofu HRFÍ.

### III. Starfsvið vinnuhundaeildar

1. Stjórn deildarinnar hefur umsjón með öllum vinnuprófum fyrir utan veiðipróf fyrir tegundahópa 7 og 8 og vinnupróf fjár- og hjarðhundaeildar.

2. Vinnuhundadeild heldur vinnupróf á vegum félagsins og sér um undirbúning, framkvæmd, úrvinnslu og geymslu prófgagna.

3. Allir hundar í eigu félagsmanna geta tekið þátt í vinnuprófum hvort sem um er að ræða hreinræktaða hunda eða blendinga (nema um lokuð próf sé að ræða). Hreinræktaðir hundar eru hundar ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða félagi sem HRFÍ viðurkennir.

4. Ræktunardeildir geta í samvinnu við stjórn HRFÍ og vinnuhundadeild sótt um að halda opið eða lokað próf. Vinnuhundadeild getur haldið lokuð próf sem eingöngu eru ætluð tilteknum hundakynjum.

5. Stjórn vinnuhundaeildar skal boða dómara á vinnuhundapróf með samþykki stjórnar HRFÍ.

6. Stjórn vinnuhundaeildar tilnefnir dómara og prófstjóra fyrir hvert próf.

7. Umsóknir ræktunar- og sérdeilda um próf skal senda skriflega (eða með tölvupósti) til stjórnar vinnuhundaeildar, eigi síðar en 1. desember fyrir komandi starfsár. Umsóknum um vinnupróf þarf að fylgja staðsetning, dagsetning og eðli prófs ásamt fjárhagsáætlun. Umsókn má einnig fylgja tillaga um dómara.

8. Stjórn vinnuhundaeildar fer yfir umsóknir um vinnupróf og sendir stjórn HRFÍ til samþykktar ásamt fyrirhugaðri dagskrá vinnuhundaeildar fyrir komandi ár.

9. Yfirlit yfir dagskrá prófa skal birtast í Sámi og á vef félagsins.

10. Niðurstöður prófa eru skráðar í gagnagrunn Hundaræktarfélagsins og birtast á vefsíðu vinnuhundaeildar. Birta skal úrslit vinnuprófa á vefsíðu HRFÍ.

11. Árlega skal heiðra stigahæstu vinnuhundana.

12. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands getur gefið undanþágu frá ofangreindum reglum.

***Samþykkt á stjórnarfundum Hundaræktarfélags Íslands 25. mars 2009  
Uppfært 8. apríl 2009***